

## Nýja Þjóðhagsstofnun fyrir þingið og þjóðina

### Frréttablaðið, bíður birtingar

Í aðdraganda bankahrunsins bar auðvald íslensk stjórnvöld ofurliði. Stjórnsýsla ríkisins hefur hvorki haft næga getu til að spyrna við fótum fyrir hrun né virka sem skyldi í kjölfar þess. Nú 5 mánuðum síðar bíða heimilin og fyrirtækin í landinu enn eftir lausnum á sínum brýnasta vanda. Skortinn á viðbragðsflýti innan kerfisins má rekja til aðgerða- og afskiptaleysisstefnu Sjálfstæðisflokksins sem hefur um árabíl lamað ákvarðanagetu stjórnsýslunnar. Kjörorðið “báknið burt” fól í sér kerfisbundna atögu að stjórnsýslu landsins meðan þáttur ráðgjafafyrirtækja á markaði og einstakra sérfræðinga hliðhollum ráðamönnum margfaldaðist. Lokun Þjóðhagsstofnunar er dæmi um aðgerð sem hefur stórlega veikt íslenska stjórnsýslu.

Á meðan fyrirtæki lokast, atvinnulausum fjölgar og gjaldþrota fjölskyldur missa heimili sín, skjóta hugmyndir að lausnum upp kollinum á lofordamarkaði stjórnmálaflokka í aðdraganda kosninga. En þar sem hver flokkur hefur sinn reiknimeistara, virðist umræða um raunhæfar lausnir vera pólitískur leikaraskapur og skylmingar um vafasamar forsendur, réttmæti útreikninga og þar með gæði upplýsinga. Slík umræða er því aðeins blekkingarleikur sem snýst um pólitíkina sjálfa en ekki hag heimila og fyrirtækja í landinu.

Núna höfum við ekki efni á slíkum leikaraskap. Við þurfum trúverðug stjórnsmál og stjórnsmálsmenn sem kunna og vilja leggja nótt við dag við raunhæfar lausnir. Þjálfun úr æfingabúðum morfísinga og stúdentapólitík háskólanna dugir skammt í einu dýrasta og stærsta bankahruni heimssögunnar.

Áður en hugmynd verður að raunhæfri lausn þarf að prófa hugmyndina til að ganga úr skugga um að hún virki og að hún skapi ekki meiri vanda en henni er ætlað að leysa. Við slíka prófun þarf áreiðanlegar upplýsingar sem byggja á óháðri greiningu gagna svo hægt sé að leggja sjálfstætt mat á notagildi hugmyndanna. Aðeins með þessu móti verða til raunhæfar tillögur og skýrir valkostir. Með skýrum valkostum ætti að vera ljóst hvernig hagsmunirnir liggja. Til dæmis, hverjir tapa á afnámi verðtryggingar og hverjir vinna. Hverjir vinna með 20% flatrí niðurfellingu skulda, hverjir tapa? Um hvað snúast þessir hagsmunir í bráð og lengd? Þegar ljóst er hvernig hagsmunirnir liggja má taka sér stöðu og ákveða um hvað ágreiningurinn á að snúast. Það er pólitík. Það er alvöru pólitík sem snýst um sýnilega hagsmuni, raunhæfa valkosti, fólk og framtíðarsýn.

Trúverðug pólitík þarf öflugra stjórnsýslu með getu til að framkvæma sjálfstætt mat á aðstæðum byggðu á óháðri greiningu gagna og þar með burði til að veita góðar upplýsingar. Góðar upplýsingar eru súrefnið í stjórnsýslunni. Þess vegna þarf þjóðin nýja þjóðhagsstofnun sem heyri beint undir Alþingi. Þannig má efla eftirlitshlutverk þingsins og hefja löngu tímabæran aðskilnað auðvalds og stjórnvalds í þágu almannahagsmuna. Hrun fjármálakerfisins hefur leitt í ljós knýjandi þörf fyrir gagngerar stjórnsýslu- og stjórnkerfisumbætur á Íslandi.

*Höfundur er stjórnsýslufræðingur og félagsráðgjafi, og sækist eftir 5.-7. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík vegna Alþingiskosninganna í vor.*